
MENNINGARARFSKEPPNI UNGA FÓLKSINS 2021

Tilgangur keppinnar er að fá börn og ungmenni á aldrinum 6-17 ára til að skoða þann menningararf sem fyrirfinnst í þeirra nærumhverfi, hvort sem hann er áþreifanlegur eða óáþreifanlegur, og svara spurningunni: „**Hver er evrópski menningararfurinn minn?**“.

Hvenær er keppnin? 3. september – 1. nóvember 2021

Leikreglur

Keppt er í tveimur aldursflokkum: 6-10 ára og 11-17 ára. Keppt er í hópum og hver hópur þarf að hafa leiðbeinanda (en. mentor) sem leiðir þátttakendur í gegnum ferlið og aðstoðar t.d. við að svara þeim spurningum sem keppnin leggur upp með. Leiðbeinendur geta verið kennarar, starfsmenn í frístundastarfi eða aðrir fagaðilar sem starfa með börnum og ungmennum, s.s. í skipulögðum tímstundum eða safnkennslu. Bakgrunnur leiðbeinanda getur verið ólíkur eftir löndum og aðstæðum. Hópurinn velur sér viðfangsefni og vinnur verkefni í kringum það með hliðsjón af spurningunni “**Hver er evrópski menningararfurinn minn?**”.

Lykilspurningar sem hægt er að hafa til stuðnings í ferlinu eru t.d.

- Hvað merkir menningararfur fyrir þér?
- Hvað veistu um evrópskan menningararf?
- Hvaða evrópsku sögu getur þú séð í menningararfi þíns nærumhverfis?
- Hvað finnst þér merkilegast í þeim menningararfi sem fyrirfinnst í þínu nærumhverfi?
- Hvað í þínu menningarlega umhverfi er einstakt og hvað er sameiginlegt með öðrum löndum?
- Hvernig geturðu miðlað sögunni í myndum og orðum?

Afrakstur verkefnanna getur verið á ýmsu formi, s.s. myndbönd, ljósmyndir eða teikningar, og skal afraksturinn, ásamt stuttum texta um verkefnið, skráður inn á samevrópska síðu keppinnar. Á þeirri síðu verður því afrakstur allra verkefna aðgengilegur á opnum vettvangi. [Nánar er hægt að lesa um kröfur til verkefnanna og skráningar þeirra inn á síðuna hér.](#)

Verðlaun verða veitt á landsvísu fyrir besta hópverkefnið í hvorum aldursflokki. Verkefni sigurvegaranna halda áfram í samevrópsku keppnina. Einstaklingar geta skráð verkefni í keppnina og þau verða þannig

aðgengileg á samevrópskri síðu keppinnar, en þau verða hins vegar ekki tekin til greina þegar kemur að vali á sigurvegara. Fimm efstu verkefni í hvorum aldursflokki hljóta sérstaka viðurkenningu.

Hægt er að tengja verkefni við þema menningarminjadaga Evrópu 2021 sem er „Allir með!“ eða „Heritage – All Inclusive!“, en það er val hvers hóps. [Nánar má lesa um þemað hér.](#)

Nánar um menningararfskeppnina

Menningararfskeppnin á rætur sínar að rekja til Finnlands en var árið 2018 tekin upp af Evrópuráðinu og haldin sem samevrópsk keppni í tengslum við Menningararfsárið 2018. Ísland tók þátt í keppninni strax árið 2018 og átti þar sigurvegara. Ísland tók einnig þátt í keppninni árið 2019 en keppnin var ekki haldin árið 2020. Nú hafa reglur keppinnar verið endurskoðaðar og verður hún haldin í þriðja sinn í ár.

[Nánar má lesa um keppnina hér.](#)

[Verkefni ársins 2019.](#)

Minjastofnun Íslands heldur utan um og veitir upplýsingar um keppnina og framkvæmd hennar. Verkefnastjóri og National Coordinator fyrir menningarminjadagana á Íslandi er Ásta Hermannsdóttir hjá Minjastofnun: asta@minjastofnun.is

Mikilvægar dagsetningar

3. september – Keppnin sett af stað á Íslandi

1. nóvember – Síðasti dagurinn til að skila inn verkefnum í keppnina á Íslandi (öll verkefni verða skráð inn á samevrópska síðu keppinnar)

9. nóvember – Úrslit liggja fyrir á Íslandi, efstu fimm í hvorum aldursflokki, þar af sigurvegarar í hvorum aldursflokki

12. nóvember - Samevrópska keppnin hefst, mat á sigurvegurum allra landa í hvorum aldursflokki

3. desember – Úrslit í samevrópsku keppninni tilkynnt

8. desember – Rafræn verðlaunaafhending